

Ed. **66. Frumvarp til laga** [65. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 83/1974 orðist þannig:

Greiða skal 19% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforku. Verðjöfnunargjaldi skal varið til að draga úr verðmun á gjaldskrám hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða í samanburði við aðrar rafveitur í landinu. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%.

Heimilt er iðnaðarráðherra á árinu 1983 að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar.

2. gr.

Í stað „1982“ í 16. gr. laga nr. 83/1974 komi: 1983.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að innheimta verðjöfnunargjalds af raforku verði framlengd til ársloka 1983. Upphæð gjaldsins verður áfram 19% og verður því skipt á sama hátt og verið hefur milli Rafmagnsveitna ríkisins sem fá 80% og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%.

Frá 1970 til 1974 voru í gildi lög nr. 17/1970 um breytingu á lögum nr. 96/1965 um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt ákvæðum þeirra laga var kveðið á um að „þeir aðilar sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða í Orkusjóð verðjöfnunargjald, sem verja skal til ráðstafana til bóta á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins“.

Með lögum nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku var tekið upp núverandi fyrirkomulag á innheimtu verðjöfnunargjalds af raforku.

Verðjöfnunargjaldið var hækkað verulega til að ráða bót á miklum fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins. Þá var ákveðið að greiða skyldi verðjöfnunargjaldið í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. lagt á sama stofn og söluskattur. Gjaldinu skyldi varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og hamla gegn óhóflegri hækkun gjaldskrár. Með stofnun Orkubús Vestfjarða var ákveðið að hluti gjaldsins skyldi renna til þess.

Ákveðið var að gjaldið legðist á samhliða söluskatti og að raforkusala til hitunar skyldi undanþegin á sama hátt og hún er undanþegin söluskatti.

Lög þessi voru sett til eins árs í senn, en hafa verið framlengd nánast óbreytt síðan að efni til.

Oft hafa verið gerðar athuganir á ástæðum fyrir fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins, og hafa meginástæður jafnan verið þær, að þeim væri ætlað að sinna félagslegum framkvæmdum og orkusölu á ýmsum stöðum, þar sem markaður stendur engan veginn undir tilkostnaði.

Ennfremur hafa lánskjör verið óhagstæð og fyrirtækinu var ekki séð fyrir neinu eigin fé um árabíl. Þó var orkuöflun Rafmagnsveitnanna lengst af mjög kostnaðarsöm og þurfti víða um land að framleiða raforku með dísilvélum. Með hækkandi olíuverði keyrði um þverbak í þeim eignum.

Þessar erfiðu aðstæður bitnuðu mjög á viðskiptavinum Rafmagnsveitnanna, þannig að verðjöfnunargjaldið nægði engan veginn til að ná endum saman eða draga úr vaxandi verðmismun. Þannig var raforkuverð til viðskiptavina Rafmagnsveitnanna um skeið orðið næstum tvöfalt miðað við verð hjá rafveitum sveitarfélaga, og hið sama gildi um Orkubú Vestfjarða við stofnun þess.

Með aðgerðum í raforkumálum hefur á undanförunum árum náðst verulegur árangur í að draga úr mismun á raforkukostnaði víðs vegar um landið. Má í því sambandi minna á eftirtalið:

- 1) Tilkostnaður Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða við orkuöflun hefur lækkad verulega með lagningu orkuflutningslína og minnkandi raforkuframleiðslu með dísilvélum í kjölfarið, og má hún nú heita úr sögunni nema sem varaafli.

- 2) Það sjónarmið hefur nú verið viðurkennt að nokkru að ríkissjóður leggi Rafmagnsveitum ríkisins til eigið fé vegna framkvæmda sem nauðsynlegt reynist að ráðast í, en ekki eru fjárhagslega arðbærar.
- 3) Gerð hefur verið leiðrétting á heildsölugjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins þannig að hún er nú í meira samræmi við kostnað við að spenna raforkuna niður fyrir rafveitur sveitarfélaga og kostnað vegna þess taps, sem verður í dreifikerfinu.

Með ofangreindum aðgerðum og fyrir tilstyrk verðjöfnunargjalds hefur tekist að minnka verðmun á milli rafveitna sveitarfélaga og Rafmagnsveitna ríkisins þannig að munur er nú 25% á heimilistaxta Rafmagnsveitna ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur, og minni gagnvart rafveitum flestra annarra sveitarfélaga.

Verðmunur til viðskiptamanna í atvinnurekstri hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur er mjög mismunandi eftir stærð notenda og nýtingartíma þess afls sem keypt er. Smáir og stórir notendur greiða tiltölulega hærra verð hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en miðlungsstórir notendur með góðan nýtingartíma afls greiða tiltölulega hærra verð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Staðfestur hefur verið samningur milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar dags. 11. ágúst 1982 um yfirtöku Landsvirkjunar á 132 kV stofnlínukerfi landsins, svokölluðum byggðalínunum, 1. janúar 1983. Samkvæmt samningnum skal Landsvirkjun selja raforku á sama verði á afhendingarstöðum stofnlínukerfisins. Með gerð þessa samnings hefur því verið stigið mikilvægt skref til að tryggja jöfnun á raforkukostnaði. Þannig mun Orkubú Vestfjarða, frá 1. janúar 1983, kaupa raforkuna beint frá Landsvirkjun á heildsöluverði því sem gilda mun um land allt. Mun þetta léttu undir rekstri Orkubúsins, en fjárhagsstaða fyrirtækisins er afar erfið um þessar mundir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra sé heimilt að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald sem innheimt er hjá rafveitunni á árinu 1983.

Rafveita Siglufjarðar hefur átt í miklum fjárhagslegum erfiðleikum undanfarin ár. Stafar þetta einkum af því, að ákvarðanir um virkjun Fljótaár hafa ekki reynst eins hagstæðar og vænst hafði verið, svo og ýmsum erfiðleikum í rekstri fyrirtækisins.

Gerð hefur verið allítarleg athugun á fjárhagsstöðu fyrirtækisins og kom í ljós að hún var mjög slæm. Lánstími á lánum þeim sem tekin höfðu verið var m. a. of stuttur og lánskjör óhagstæð. Veitunni var útvegað lánsfé til að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins.

Ljóst er af þeirri reynslu sem fengist hefur síðan, að aðgerðir þessar duga ekki til að rétta af greiðslustöðu fyrirtækisins og þurfa því að koma til frekari aðgerðir, eigi raforkuverð hjá veitunni ekki að fara upp úr öllu valdi.

Atvinnulíf á Siglufirði hefur verið mjög sveiflukennt á undanförunum árum og virðist minnkandi loðnuafli nú leiða til verulegs tekjutaps fyrir rafveituna.

Komi til endurgreiðslu verðjöfnunargjalds til Rafveitu Siglufjarðar ætti með því að vera unnt að bæta fjárhagsstöðu fyrirtækisins allverulega. Endurgreiðsla verður bundin því skilyrði, að gjaldskrá á Siglufirði sé a. m. k. ekki lægri en gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og annarra þeirra rafveitna er halda verða uppi tiltölulega háu raforkuverði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að verðjöfnunargjald af raforku verði 19% og af því renni 80% til Rafmagnsveitna ríkisins og 20% til Orkubús Vestfjarða.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringa.